

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs  
Dags. 6. október 2017  
Mnr. 2017090066



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Svar til bæjarráðs vegna stöðugilda við TÍ

Á fundi bæjarráðs þann 2. október 2017 var tekið fyrir bréf frá Ingunni Ósk Sturludóttur skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar (TÍ) þar sem farið var fram á aukningu á þeim stöðugildum sem skólinn hefur samkvæmt fjárhagsáætlun 2017. Bæjarráð vísaði erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2018.

Stöðugildum til TÍ er úthlutað samkvæmt líkani en hefur nemendum fjölgað um 20 milli skólaára. Skólaárið er ekki það sama og fjárhagsárið og því getur það komið upp að endurskoða þurfi áætlun að hausti. Síðustu ár hefur nemendum í grunnskólum verið að fækka og hefur að sama skapi fækkað í TÍ og því hefur þessi staða ekki komið upp síðustu ár. Nú er farið að fjölga aftur í Grunnskólanum á Ísafirði og einnig í TÍ, en nemendum hefur fjölgað um tuttugu milli ára.

Fyrir árið 2017 var 11,3 stöðugildum úthlutað og miðað við nemendafjölda á þessu hausti er eðlilegt að úthluta 12,9 stöðugildum. Launaáætlun 2018, sem þegar hefur verið skilað, gerir ráð fyrir 12,7 stöðugildum.

MH